# Fundargerðabók Félags snyrtivöruverslana
# 18. júní 1973 til 4. mars 1991

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag snyrtivöruverslana – Stjórnarfundir – Aðalfundir – Stofnfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-15

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag snyrtivöruverslana
Stofnfundur 1973.

1973 – 1991

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðabók

Félags

Snyrtivöru ~~Kaupmanna~~ verzlana.

J·C·KÖNIG & EBHARDT · HANNOVER

Best.-Nr. 601 P 96 pag.

EIN DREI-LILIEN BUCH

PREIS:

J·C·KÖNIG & EBHARDT · HANNOVER

Best.-Nr. 601 P 96 pag.

IHR LIEFERANT:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1973, mánudag 18. júní, var stofnfundur Félags snyrtivörukaupmanna haldinn í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands að Marargötu 2, — Baðstofu Kaupmanna.

1. Formaður Kaupmannasamtakanna, Gunnar Snorrason, setti fundinn kl. 14,45 og stýrði þessum fundi, en bað Jón I. Bjarnason að rita fundargerð, og var það samþykkt.

2. Formaður rakti stofnun og uppbyggingu Kaupmannasamtaka Íslands, og drap á málefni sem nú er unnið að. Bauð hann fundarmenn velkomna og sagðist fagna aukinni þátttöku í starfsemi Kaupmannasamtakanna.

3. Fundarstjóri, Gunnar Snorrason, las og bar undir atkvæði tillögu um stofnun Félags snyrtivörukaupmanna, svo-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bljóðandi:
„Við undirritaðir leggjum til að Kaupmannasamtök Íslands gangist fyrir stofnun sérstaks félags fyrir kaupmenn, sem selja snyrtivörur. — Félag snyrtivörukaupmanna" og verði það með sama formi og önnur sérgreinafélög innan Kaupmannasamtaka Íslands."

Undir tillöguna rita:
Geirlaugur Árnason (Rakarastofa Árbæjar - snyrtivörudeild)
Sverrir Magnússon (Verslunin Hafnarborg Hafnarfj.)
Reynir Hauksson (Dömutískan Laugavegi 35 R)
Jóhann G. Guðjónsson (Topptískan Aðalstræti 9 R)
Reynir Sigurðsson (Ócúlus Austurstræti 7.) og Þorsteinn Daníelsson (Mirra Austurstr. 17)
Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Fundarstjóri las nú tillögu að lögum fyrir félagið,



og síðan hverja lagagrein sérstaklega og bar svo hverja grein fyrir sig undir atkvæði, svo og lögin í heild, og voru þau fest inn í fundargerðabókina eins og frá þeim var gengið.

5. Kosningar, stjórn:

a.) Formaður: Jóhann Guðjónsson
b.) Meðstjórnendur: Reynir Hauksson og Þóra Þórarinsdóttir.
c.) Varamenn í stjórn: Þorsteinn Daníelsson og Reynir Sigurðsson
d.) Endurskoðendur: Geirlaugur Árnason, Sverrir Magnússon

e.) Fulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna Reynir Hauksson og Þóra Þórarinsdóttir til vara.

6. Önnur mál.
Fjörugar umræður urðu um ýmis hagsmunamál félagsmanna og starfsemi félagsins.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerð lesin upp.

Samþykkt var að þeir sem gangi í félagið fyrir fyrsta september n. k. teljist stofnendur félagsins.

Fleira var ekki gert. Fundarstjóri óskaði mönnum til hamingju með nýja félagið og sleit fundi.

Gunnar Snorrason
fundarstjóri.

Jón F. Bjarnason
fundarritari.

Jóh. Ól. Guðjónsson
[illegible]
Þorsteinn Davíðsson
[illegible]
Geirlaugur Árnason
Sverrir Magnússon
Sigríður Th. Biering



**Tillaga að lögum fyrir**
**Félag snyrtivöruverzlana.**

1. grein

Félagið heitir Félag snyrtivöruverzlana.

2. grein

Félagssvæði þess er landið allt, heimilisfang og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal snyrtivöruverzlana vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verzlun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og K. Í. svo og öllum lögmætum breytingum á þeim fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og K. Í. og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur snyrtivöruverzlun. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meiri hluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður. Hver félagsmaður er skuldbundinn af lögum, samþykktum og samningum félagsins. Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins getur meiri hluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. grein

Stjórn félagsins ákveður ársgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K. Í. Gjöldin renna óskipt til K. Í. sem annast allan rekstur félagsins. Gjalddagi félagsgjalda er 1. febr. ár hvert.

6. grein

Stjórn félagsins er skipuð 3 mönnum og tveimur til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnanda úr stjórn eftir hlutkesti en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. 2 Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn, afl atkvæða ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

7. grein

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta félagsfund kjósa menn í nefndir til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

8. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir ~~marzlok~~ jan. lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.
Eftirfarandi mál skulu ávallt a.m.k. vera dagskráratriði aðalfundar:

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár.
2. Stjórnarkosningar skv. 6. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosinn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.



9. grein

Stjórn skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt, sem verða má.

10. grein

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

11 11. grein

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi og skal geta þess í fundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið skulu eignir þess, að frádregnum skuldum renna til Kaupmannasamtaka Íslands.

<u>Tillaga um stofnun Félags snyrtivörukaupmanna</u>.

Við undirritaðir leggjum til að Kaupmannasamtök Íslands gangist fyrir stofnun sérstaks félags fyrir kaupmenn, sem selja snyrtivörur, "Félags snyrtivörukaupmanna", og verði það með sama formi og önnur sérgreinafélög innan K.Í.

Geirlaugur Árnason (Rakarastofa Árbæjar -snyrtivörudeild)
Sverrir Magnússon, Verzl. Hafnarborg. Hafnarf.
[illegible] Dömutízkan Laugav. 35. R.
Jóhann G. Guðjónsson Toppti[illegible] Aðalstr. 9 R.
Reynir Sigurðsson Ócúlus - Aust. 7.
Þorsteinn Davíðsson Mirra Austurstr. 17

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1973, fimmtudaginn 28. júní var haldinn fundur í fundarsal Kaupmannasamtaka Íslands, að Marargötu 2. - Baðstofu kaupmanna. Mættir voru 13 fundarmenn.

Formaður félagsins Jóhann Guðjónsson las upp lög félagsins og ræddi vaxtamál verzlunarinnar.

Haukur Herbertsson gerði fyrirspurn um heiti félagsins, hvort nafn þess væri félag snyrtivörukaupmanna eða félag snyrtivöruverzlana. Einnig spurði Haukur hvort félagssamtökin hefðu mótmælt vaxtahækkuninni við heildsala. Eftir allmiklar umræður var borin upp svohljóðandi tillaga:

Félagsfundur í hinu nýstofnaða félagi snyrtivöruverzlana haldinn í húsnæði kaupmannasamtakanna 28. júní 1973 mótmælir harðlega fyrirhuguðum vaxtaálögum til ísl. stórkaupmanna.

Í nefnd til að framfylgja tillögunni voru kosnir Agnar Biering. Reynir Sigurðsson og Jóhann Guðjónsson.

Ennfremur samþykkti fundurinn að fela stjórn félagsins að boða þá stórkaupmenn, sem selja snyrtivörur í matvöruverzlanir, á fund.

Fjörugar umræður urðu um ýmis mál félagsins.

Reynir Sigurðsson fundarrit-
Þorsteinn Davíðsson
Jóhann Guðjónsson
Þórður Eiríksson



Ár 1973 Fimmtudagur 8. Nóvember.

Formaður félagsins Jóhann Guðjónsson setti fundinn og kynnti dagskrá. Mættir voru 8 félagar.

Mættur var á fundinum formaður ALMENNS STOFNLÁNASJÓÐS K.Í. og með honum Óskar Aðalsteinsson gjaldkeri sjóðsins. Kynntu þeir starfsemi hans og hvöttu menn til að gerast félagar. Svöruðu þeir síðan fyrirspurnum um sjóðinn og var þeim þökkuð greið svör.

Rætt var rætt um sölu á snyrtivörum í heimahúsum, sem nú mun aftur hafin. Var samþykkt að fela HERÐI EINARSSYNI H.R.L. að rannsaka málið og kæra viðkomandi aðila fyrir hönd félagsins með tilvísun til laga um verzlunaratvinnu.

Þá mætti á fundinn Gunnar Snorrason formaður K.Í. Skýrði hann lauslega frá kröfum V.R. um væntanlega kjarasamninga. Fundarmenn samþykktu að skora á K.Í. að hafa samráð við félagið um samningana, einkum það að í samningunum kæmi skýrt fram í hvaða launaflokkum starfsfólk í snyrtivöruverzlunum skyldi vera.

Þá bar formaður fram ósk frá Félagi hárgreiðslu/fegrunarfræðinga um sameiginlega árshátíð félaganna. Fundurinn hafnaði þeirri tillögu.

Síðasta málið á dagskrá var umræða um námskeiðahald á vegum félagsins fyrir starfsstúlkur í snyrtivöruverzlunum, svo og stúlkur sem áhuga hafa fyrir slíku starfi. Voru fundarmenn sammála um nauðsyn slíkra námskeiða, og var kosin nefnd til að koma.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

möguleika á framkvæmd þeirra og að koma þeim á fót ef grundvöllur reyndist fyrir þeim. Í nefndina voru kosin þau Sigurður Eiríksson, Þorbjörg [illegible], og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Fleiri mál voru ekki á dagskrá og sleit formaður fundi.

Jóh. Ág. Guð., sign.



Ár 1974, þriðjudag 15. janúar var haldinn fundur í stjórn ~~Snyrti Félags snyrtivörukaupmanna~~ Félags snyrtivöruverzlana og námskeiðanefnd félagsins.

Formaður félagsins, Jóhann Ág. Guðjónsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið.

I. Námskeiðahald á vegum félagsins.

Nefndin hafði kannað vilja og grundvöll fyrir námskeiðahald og var það einróma álit hennar að grundvöllur væri fyrir námskeiðahaldi, og telur nefndin sig hafa lokið störfum.
Nefndin hefur rætt við fulltrúa Kaupmannasamtakanna, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Félag ísl. snyrtisérfræðinga, Fél. ísl. fegrunarfræðinga og heildsala fyrir tæki í snyrtivörum og komu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allir hefðu aðilar jafnmikið í málinu.
Ingibjörg Ármannsdóttir hafði rætt við Margréti Hjálmtýsdóttur og er hún tilbúin að taka að sér að kenna á námskeiðunum ef haldin verða.

II. Rætt um aðalfund félagsins n.k. fimmtudag.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Jón F. Björnsson
fundarritari
Sig. G. Guðjónsson
Jóhann Einarsson



Ár 1974, fimmtudag 17. janúar, var aðalfundur Félags snyrtivöruverzlana haldinn að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhann G. Hallbjörnsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Hann bauð fundarmenn velkomna og sagði að fundurinn væri löglegur þar sem að löglega var til hans boðað með bréfi.

Fyrir var tekið:
I. Skýrsla stjórnar.
Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar um starfsemi félagsins s.l. ár, eða frá því að félagið var stofnað 18. júní s.l. sumar.
Sagði formaður að aðal ástæðan fyrir stofnun félagsins hefði verið sú að ólögleg sam- farandsala á Oriflame-snyrtivörum hefði aukist mjög hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu á s.l. tímum.
Þá fjallaði hann um álitsgerð sem Hörður Einarsson lögfræðingur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur komið um málið.
Greinargerð Harðar lá
frammi á fundinum.
Þá fjallaði formaðurinn
nefnd sem starfað hefur
á vegum félagsins
og unnið að því að koma
á námskeiðahaldi
fyrir afgreiðslufólk í
smásöluverzlunum.
Nefndin hefur nú lokið
störfum en í henni
áttu sæti, Sigurbjörg
Ármannsdóttir, Þórður
Eiríksson og Þorbjörg
Þórisdóttir.
Umræður urðu um
skýrslu formanns og
félagsstarfið.

II. Stjórnarkosning.
a.) formannskjör.
Stungið var uppá
fráfarandi formanni
Jóhanni R. Guðjónssyni
og var hann einróma
endurkjörinn.

b.) Kjör meðstjórnenda
varpað var hlutkesti
og samkvæmt því
gekk Magnús Hauksson
úr stjórninni, en



hann var einróma endur-
kjörinn í stjórnina til
næstu tveggja ára.

c.) Varamenn í stjórn.
Þorsteinn Daníelsson og
Magnús Sigurðsson voru
einróma endurkjörnir.

d.) Kosning endurskoðenda.
Fráfarandi endurskoðendur
voru einróma endur-
kjörnir en þeir eru
Guðlaugur Árnason og
Gunnar Magnússon.

e.) Fulltrúar í fulltrúa-
ráð Kaupmannasam-
takanna.
Magnús Hauksson og
Þóra Þórarinsdóttir,
voru einróma endur-
kjörin.

f.) Aðalfundarfull-
trúar voru kjörnir
Þórður Eiríksson og
Þorsteinn Daníelsson.

III. Önnur mál.
Til máls tók Þórður
Eiríksson, en hann
starfaði í náms-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skeiðanefndinni:
Skýrði hann frá störfum nefndarinnar en hún átti að ræða við Kaupmannasamtök Íslands, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Samtökum heildsala o.fl. og fékk nefndin allstaðar jákvæðar undirtektir.
Málið var mikið rætt og voru fundarmenn sammála um að mjög æskilegt væri að slík námskeið yrðu haldin.

Samþykkt var og það einróma, að fela Þórði Eiríkssyni að vinna að því að koma á námskeiðahaldi í samráði við félagsstjórnina.

Formaður þakkaði námskeiðanefndinni fyrir vel unnin störf, og sagðist vonast að af námskeiðahaldi yrði



strax í ~~[illegible]~~ næsta mánuði eða svo fljótt sem auðið er.
Fundargerð var lesin og samþykkt samhljóða.

Jón F. Björnsson
fundarritari.
Jóh. G. Guðjónsson

Ár 1974, mánudaginn 11. febr. var fundur haldinn að Marargötu 2.
Formaðurinn setti fundinn, sem boðaður var v/ fyrirhugaðs námskeiðs fyrir afgreiðslufólk í snyrtivöruverzluninni.
[illegible] Eiríksson sagði frá óánægju sem hann hefur orðið var við vegna framkvæmdar á fyrirkomulag og leiðbeinendavali.
Augl. var í Vísi í dag og öðrum blöðum á morgun um snyrtivörunámskeið. Ekki eru nefndar aðrar takmarkanir en að þátttakendur ættu að vera orðnir 18 ára.
Ýmsar óánægjuraddir komu fram um framkvæmd endanlegs undirbúnings. Var ýmislegt sem kom flatt á óvart.
Námskeiðið verður á fimmtudagskvöldum og eftirmiðdögum á laugard.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

Reynir Sigurðsson
fundarritari



Ár 1974, fimmtudag 4. apríl var fundur haldinn í Félagi snyrtivöruverzlana

Formaður félagsins Jóhann G. Guðjónsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Hann bað Jón I. Bjarnason að skrifa fundargerð og var það samþykkt.

Formaður ræddi fyrst um verðlagsákvæðin og sagði frá nefnd sem nú hefur verið stofnuð til þess að samræma verðlagsákvæðin.

Þá bað formaður félagsmenn að senda inn til Kaupmannasamtakanna reikning fyrir vinnunni við söluskattsbreytinguna, þ.e.a.s. nýja verðmerkingu í verzlununum.

Reynir Sigurðsson talaði um og skýrði kjarasamningana.

Miklar umræður urðu um

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kjarasamninganna og staðsetningu fólks í launaflokka.

Þá var rætt um álagningu á einstakar vörur og vöruflokka og samræmingu á álagningu.

Lagt var til að liðir 2, 3 og 4 verði sameinaðir í álagningu og álagning verði ekki meiri en 30 % á þeim.

Samþykkt var að senda samræmingarnefndinni ofanlagt erindi um álagningu á snyrtivörur.

Naglalakk, varalitur og aðrar litavörur verði með 70 % álagningu.

Rætt var um stofnlánasjóði.
Félagið hafði beðið um inngöngu í stofnlánasjóð skó- og vefnaðarvöru, en fengið það svar að formenn væru á

í þriðja flokk verði lagðar vörur, sem teljast hreinlætisvörur, snyrtivörur og hjúkrunarvörur.



því og vísað til Almenns stofnlánasjóðs K.Í.

Formaður hvatti félagsmenn til þess að ganga í A.S.K.Í.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.

Jón Ó. Guðjóns.
formaður

Ragnar Sigurðsson
Þorsteinn Davíðsson.
Sigurður Sigurðsson
Jóhanna J. Aðalsteins.
Bárður Daníelsson
Ásgeir Júlíusson.
Erna Guðmundsdóttir
Sigurbjörg Hannesd.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1974. Mánudaginn 2 sept. var fundur haldinn í félagi snyrtivöruverzlana.

Formaður félagsins Jóhann Guðjónsson setti fundinn og stýrði honum kl. 21.10.

Fyrsta mál á dagskrá voru umræður um lokun á laugardögum. Nokkrar umræður urðu en ekki var talið fært að taka ákveðna afstöðu í málinu.

Nokkrar umræður urðu svo um verðlagsmál og voru menn á einu máli að frekari skerðing á álagningu hefði í för með sér alvarlega erfiðleika fyrir verzlunina.

Síðan urðu nokkrar almennar umræður um ýmis efni og var fundi síðan slitið.

[illegible]

Fundarritari:
Jóh. G. Guðjóns.



Ár 1974, fimmtudag 24. okt., var fundur haldinn í Félagi snyrtivöruverzlana, að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhann G. Guðjónsson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

I. Verðlagsmál.
Formaður rakti þróun verðlagsmála undanfarna mánuði og leiðir til þess að fá álagningu hækkaða.

Umræður urðu fjörugar og tóku til máls Reynir Sigurðsson, Þorsteinn Davíðsson, Þórhildur Karlsdóttir, Jóhanna Aðalsteinsd. frá Akranesi, Hrönn Norðfjörð frá Hafnarfirði og Þorbjörg Þórarinsdóttir Hafnarfirði.

Samþykkt var að skrifa viðskiptaráðuneytinu og fara fram á það að snyrtivörur verði undanþegnar verðlagsákvæðum nú þegar.

Til þess að ganga á fund ráðherra voru kjörnir þeir: Reynir Sigurðsson,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíku

24

Jóhann G. Guðjónsson ásamt framkvæmdastjóra K.Í. Magnúsi E. Finnssyni.

II. Önnur mál.
Rætt var um þróun smásöluverzlunar í borginni í ljósi breytingar á Austurstræti í göngugötu og breytinga þeirra sem verið er að gera á Laugavegi nú.
Voru Austurstrætismenn sammála um að verzlun hefði minnkað eftir breytinguna.

Þá var rætt um sölu í heimahúsum og á "[illegible]" og snyrtivörusölu í Fríhöfninni.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið
Jón F. Björnsson
fundarritari.

Jóh. G. Guðjónsson
[illegible]
Jóhanna Þ. Aðalsteins
Reynir Sigurðsson
Þorsteinn Davíðsson
Þorbjörg Þráinsdóttir
Þráinn Norðfjörð

25

Ár 1975, fimmtudag 16. janúar var aðalfundur Félags snyrtivöruverzlana haldinn að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhann G. Guðjónsson setti fundinn og stýrði honum.

~~Form~~ Fyrir var tekið:
I. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar og rakti störf félagsins á liðnu ári.

II. Stjórnarkjör.
a.) Formannskjör.
Stungið var uppá Jóhanni G. Guðjónssyni og var hann endurkjörinn samhljóða.

b.) Kjör meðstjórnanda.
Stungið var uppá Jóhönnu Þ. Aðalsteinsdóttur og var hún kjörinn meðstjórnandi

c.) Varamenn í stjórn:
Endurkjörnir voru Þorsteinn Davíðsson og Reynir Sigurðsson.

d.) Endurskoðendur.
Kjörnir voru:
Þórður Eiríksson og

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíku

Sverrir Magnússon.

e.) Fulltrúar í fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna.
Kjörnir voru: Reynir Hauksson og Þórður Eiríksson.

f.) Aðalfundarfulltrúar:
Kjörnir voru Þórður Eiríksson og Þorsteinn Davíðsson.

III. Önnur mál.
Formaður lagði fram og las bréf til viðskiptaráðherra Ólafs Jóhannessonar varðandi álagningu á snyrtivörur.
Farið er fram á að snyrtivörur verði undanþegnar verðlagsákvæðunum.
Bréfið er dagsett 13. þ. m.
Bréfið var rætt og var samþykkt að breyta orðalagi lítillega.

Fleira var ekki gert fundi slitið.
Jón F. Bjarnason fundarritari.
Jóh. G. Guðjónsson formaður.



Ár 1975, þriðjudag 23. september var almennur félagsfundur haldinn í Félagi snyrtivöruverzlana í Baðstofu Kaupmanna að Marargötu 2.
9 félagsmenn voru mættir.

Formaður Jóhann G. Guðjónsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Hann gaf framkvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna Magnúsi E. Finnssyni orðið, og ræddi hann svokölluð „heimasölumál" á snyrtivörum hér á landi og blaðaskrif sem um þau hafa orðið og svo fógetaaðgerðir ofl. til þess að taka fyrir þessa sölu hér á landi.
Taldi framkvæmdastjóri að í sambandi við þessi mál væri um brot á bókhaldslögum svo og söluskatt að ræða.

Að ræðu framkvæmdastjóra loknum tók Jóhann G. Guðjónsson til máls og ræddi málið og hvernig

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í því sambandi.

Nú varð almenn umræða um málið og kom fram að frekari sannanir vantaði til þess að málshöfðun gæti átt sér stað.
Ákveðið var að reyna að safna frekari sönnunargögnum.
Ákveðið var að skrifa aftur bréf til saksóknara.

Formaður las bréf frá Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverzlana til Félags Snyrtivöru~~kaupmanna~~ verzlana þar sem skýrt er frá ~~samþykkt félaganna um laugardags~~~~opn-~~ ~~un~~ lokun til skólaloka. Bréfið er dagsett 12.9.1975.
Nú fór fram atkvæðagreiðsla um málið og var einróma samþykkt að hafa opið á laugardögum, eins og kjarasamningurinn gerir ráð fyrir.



fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða.

Jón Í. Bjarnason
fundarritari.

Jóhann Ó. Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1976 Fimmtudaginn 15 janúar var aðalfundur Félags snyrtivöruverzlana haldinn að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhann G. Guðjónsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

1. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar og rakti störf félagsins á árinu. Las hann upp bréf til Saksóknara sem sent hafði verið 8/10 '75 varðandi húsnæðismál hjóna í Hafnarfirði. Fjallaði hann um námskeiðahald og gat formaður þess að hann teldi að félagsmenn hefðu verið mjög ánægðir með þessa starfsemi.

2. Stjórnarkjör

a) Formannskjör.
Stungið var upp á Jóhanni G. Guðjónssyni. og var hann samhljóða endurkjörinn.

b) Kjör meðstjórnanda.
Stungið var upp á Ernu Guðmundsdóttur og var kjör hennar samþykkt samhljóða.

c.) Varamenn í stjórn.
Endurkjörnir voru þeir Þorsteinn Davíðsson og Reynir Sigurðsson.

d) Endurskoðendur.
Kjörnir voru Reynir Hauksson og Þórður Eiríksson



e) Fulltrúar í fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna
Kjörnir voru Reynir Hauksson og Þórður Eiríksson.

f.) Aðalfundarfulltrúar.
Kjörnir voru Þórður Eiríksson og Þorsteinn Davíðsson.

3. Önnur mál:
Rætt var nokkuð um húsnæðismál varðandi Oriflame-snyrtivörur. Óskaðar fundurinn eftir því að framkvæmdastjóri K.Í. reki á eftir þessu máli við Saksóknara.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson
fundarritari.

Jóh. G. Guðjónsson
Jóhanna G. Aðalsteinsd.
Erna Guðmundsdóttir
Reynir Hauksson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1977, þriðjudag 18. janúar var
Aðalfundur Félags snyrtivöru-
verzlana haldinn á skrif-
stofu Kaupmannasamtakanna
að Marargötu 2.
Formaður félagsins, Jóhann
G. Guðjónsson, setti fundinn
og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

I. Skýrsla formanns.

II. Kosningar.

a. Formaður.
Jóhann G. Guðjónsson
gaf ekki kost á sér, þar
sem hann er hættur
að verzla.
Kjörinn var Jóhanna Þ.
Aðalsteinsdóttir.

b. Meðstjórnandi.
Stungið var upp á Krist-
ínu Högnadóttur
fulltrúa Hafnarborgar
í Hafnarfirði og var
hún samþykkt sam-
hljóða.

c. Varamenn í stjórn
Endurkjörnir voru
Þorsteinn Davíðsson og
Reynir Sigurðsson.

d. Endurskoðendur kjörnir
voru Reynir Haraldsson og
Sigurður Sigurðsson



e. Fulltrúi í fulltrúaráð K.Í.
Reynir Sigurðsson var kjörinn
aðalmaður og til vara
Kristín Högnadóttir.

f. Aðalfundarfulltrúar
Þorsteinn Davíðsson og
Sigurður Sigurðsson.

III. Önnur mál
Nokkrar umræður urðu
um verðlagsmál og skattamál,
svo og starfsemi félagsins.
Reynir Sigurðsson þakkaði
fráfarandi formanni góð
störf í þágu félagsins
og var tekið undir það
með lófataki.

Fleira var ekki
tekið fyrir,
fundi slitið.

Jón J. Bjarnason
Jóh. G. Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Ár 1977, miðvikudag 11. maí var almennur félagsfundur haldinn í Félagi snyrtivöruverzlana í Baðstofu Kaupmanna að Marargötu 2.

Formaður félagsins, Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir, setti fundinn og stjórnaði honum. Jón I. Bjarnason var tilnefndur fundarritari.

Fyrir var tekið:

I. Inntökubeiðnir.
Samþykktar voru samhljóða inntökubeiðnir frá eftirtöldum fyrirtækjum: Snyrtivöruverzluninni Kamillu, Hafnarstræti 16, Mússu, Hátúni 4 a, og Snyrtivöruverzluninni Elónu Bankastræti 8.

II. Snyrtivöruuppboð tollstjóra.
Málið var mikið rætt, því nokkuð ber á því að gengið sé í hús og snyrtivörur boðnar til sölu, sem keyptar hafa verið á uppboði hjá tollstjóra, en á því uppboði munu hafa verið seldar um 17 smálestir af snyrtivörum.



Talið var æskilegt að skrifað væri t.d. í kvennasíður dagblaðanna um snyrtivörur og notkun þeirra.

III. Snyrtivörusala á óæskilegum stöðum s.s. bensínstöðum.
Fundurinn taldi að aukning væri á því að snyrtivörur væru seldar á ýmsum stöðum sem varla væru boðlegir til slíkrar sölu.
Þá var rætt um verzlunarleyfi og talið að margir verzluðu sem ekkert verzlunarleyfi hefðu.

IV. Snyrtivörunámskeið.
Fundarmenn voru sammála um að stefna bæri að því að halda snyrtivörunámskeið á komandi hausti. Þau snyrtivörunámskeið sem haldin hafa verið hafa verið vel sótt.

Samþykkt var að skora á félag fegrunarsérfræðinga og félag snyrtisérfræðinga að koma á framfæri í blöðunum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fræðslu um snyrtivörur og þýðingu þeirra.

V. Önnur mál

Fundarmenn töldu æskilegt að fá heildsölufyrirtæki sem selja snyrtivörur til þess að auglýsa vörur sínar meira en þau gera nú.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið.

Jón S. Björnsson
fundarritari.

Jóhanna þ. Aðalsteinsd.
Ólöf Mikkaelsdóttir
Guðrún Hildur J. Thors.
Heni D. Bentsson.
Guðrún I. Kolbeinsdóttir.
Regína Benónýsson



Árið 1977. Þriðjudaginn 20 september var haldinn fundur í stjórn Félags snyrtivöruverzlana að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhanna þ. Aðalsteinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

Athugun og umræður um fyrirhugað námskeiðahald.

Ákveðið að undirbúa námskeiðahald í janúar á næsta ári og ákveðið að skipta niður verkefnum undirbúnings.

Jóhanna hafi samband við Heiðar Jónsson og fái hann á næsta fund sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson
Fundarritari.

Jóhanna þ. Aðalsteins
Erna J Guðmundsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1978, fimmtudag 2. febrúar.
Fyrirhuguðum aðalfundi Félags snyrtivöruverzlana var frestað vegna þess að aðeins tveir félagsmenn mættu, þau Jóhanna B. Aðalsteinsdóttir formaður og Ingi Ródal.
Ákveðið var að boða til aðalfundar fimmtudaginn 16. febrúar n.k.

Jón F. Bjarnason ritari.

Jóhanna B. Aðalsteinsd.

[illegible]



Ár 1978, fimmtudag 16. febrúar, var aðalfundur haldinn í Félagi snyrtivöruverzlana í skrifstofu Kaupmannasamtakanna að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhanna B. Aðalsteinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.
Í upphafi fundar las hún fundarboð og sagði fundinn löglegan því löglega væri til hans boðað.
Formaður tilnefndi Jón F. Bjarnason sem fundarritara og var það samþykkt.

Fyrir var tekið:

I. Skýrsla stjórnar.
Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar og ræddi félagsstörfin á liðnu starfsári. M.a. gat hún þess að brátt hæfist fullskipað snyrtivörunámskeið og yrði það haldið að Marargötu 2.

II. Kosningar.
Stjórn félagsins var einróma endurkjörin svo og fulltrúar í fulltrúaráð Kaupmanna-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samtakanna.
Aðalfundarfulltrúa til-
nefnir stjórnin seinna.
III. Önnur mál.
Fjörugar umræður urðu
um ráðstafanir ríkisstjórn-
arinnar í efnahags-
málum og mótmæltu
fundarmenn eindregið
að 30% reglan yrði
viðhaft og þar með
skert álagning smá-
söluverzlunarinnar.
Fleira var ekki tekið
fyrir, fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.

Jóhanna Þ. Aðalsteinsd.
formaður



Ár 1978, fimmtudag 26. október,
var fundur haldinn í stjórn
Félags sportvöruverzlana
að Marargötu 2.
Formaður félagsins, Jóhanna
Þ. Aðalsteinsdóttir setti
fundinn og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið:
I. 30% vörugjaldið, eða
lúxusskatturinn, og
honum mótmælt.
II. Álagning á sportvöru.
Fundarmenn voru
sammála um að
leiðrétting til hækkunar
á sportvöruálagningu
í smásölu yrði að fást
annars væri lokun fyrir-
tækjanna í sjónmáli,
þeirra rekstur gengi
ekki nema um tak-
markaðan tíma.

Eftirfarandi samþykkt var
einróma gerð:
„Fundur í Félagi sporti-
vöruverzlana haldinn
26. október, skorar á
verðlagsyfirvöld að verða
nú þegar við beiðni Kaup-
mannasamtaka Íslands
um leiðréttingu á álagn-
ingu smásöluverzlunar-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíku

innar.
Fundurinn vekur athygli á því að verði ekki leiðrétting leyfð nú þegar, leiðir það til þess að tóbaksverzlanir með snyrtivörur leggjast niður.
Fundurinn mótmælir einnig 30% vörugjaldinu (lúxusskattinum) og telur að með honum sé verið að stuðla að því að sala á snyrtivörum fari fram með öðrum hætti en eðlilegt er, t.d. í Fríhöfninni í Keflavík, í farandsölu og smyglí.
Er talið vera lokkaður á þessari vörutegund, á sama tíma margfaldaðist tolltekjur ríkissjóðs af þessari vöru.
Fundurinn skorar því á viðkomandi yfirvöld að fella nú þegar niður áðurnefnt 30% vörugjald."

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.

Jóhanna þ. Aðalsteins. Torfi Kristó



Ár 1979, þriðjudag 23. janúar, var aðalfundur Félags snyrtivöruverzlana haldinn á skrifstofu Kaupmannasamtakanna að Marargötu 2.
Formaður Félagsins Jóhanna þ. Aðalsteinsdóttir, setti fundinn og tilnefndi Jón I. Bjarnason fundarstjóra og var það samþykkt.

Fyrir var tekið:

1. Skýrsla stjórnar.
Formaður flutti skýrsluna og sagði frá starfsemi félagsins s.l. ár.
Nokkrar umræður urðu um starfsemi félagsins, álagningu á snyrtivörur o.fl.
Í skýrslu formanns kom m.a. fram að fimm nýjir félagar bættust við á árinu.

II. Kosningar. Formaður
a.) Jóhanna þ. Aðalsteinsdóttir var endurkjörinn formaður.
b.) Meðstjórnendur.
Bryndís Friðþjófsdóttir og Erna Guðmundsdóttir voru einróma kjörnar meðstjórnendur.
c.) Varamenn í stjórn.
Kjörnar voru Ólöf Matthíasdóttir og Guðrún Ingólfsdóttir.
d.) Endurskoðendur:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjörnir voru Baldvin Svein-
björnsson og Árni Ómar Bentsson
e.) Fulltrúi í fulltrúaráð Kaup-
mannasamtakanna.
Reynir Sigurðsson var einróma
endurkjörinn aðalfulltrúi
og Árni Ómar til vara.
f.) Aðalfundarfulltrúar.
Kjörnir voru Ragnar Biering
og Ingi Árdal.
III. Önnur mál.
Rætt var um vanskil á félags-
gjöldum. Samþykkt var
að strika út af félaga-
skrá verslunina Bonný
og Topptískuna vegna van-
skila og er það sam-
kvæmt lögum félagsins
og lögum Kaupmanna-
samtakanna.
Rætt var um starfsemi
Stofnlánasjóðsins (A.S.K.Í.)
Sölu sígarettna á ben-
sínsölustöðum og rak-
arastofum.
Rætt var um lokunartíma
verslana og voru skoðanir
skiptar um málið.
Rætt var um óheiðarlegt fólk
sem ræður sig í vinnu í
verslanirnar.
Sigurður Bjarnason bar fram
eftirfarandi tillögu:



"Aðalfundur Félags snyrtivöruversl-
ana haldinn að Marargötu 2,
Reykjavík, þann 23. janúar
1979 samþykkir að eigendur
verslana innan K.Í. verði
nú þegar beðnir um að
senda upplýsingar um
starfsfólk sem hjá þeim
hefur starfað og reynst
vera óheiðarlegt, s.s. með
hnupli á vörum og pen-
ingum o.s. frv.
Kaupmenn sendi upp-
lýsingar til skrifstofu
K.Í. það sem farið verði
með þær sem trúnaðar-
mál. Listi yfir fólkið verði
þar jafnan til staðar, þannig
að félagsmenn geti hringt
inn nafn tilvonandi
starfskrafts og fengið
upplýsingar um hvort
viðkomandi er á listanum
eða ekki."
Í framhaldi af tillögunni
var rætt um vinnu-
passa og þeir taldir
sjálfsagðir.
Tillaga Sigurðar var nú
borin upp og var hún
samþykkt samhljóða.
Ingi Árdal ræddi um
að fjölga félögum og var

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Samþykkt at gera átak í því máli. Fundargerð lesin upp og samþykkt athugasemdalaust.

Jón L. Bjarnason
fundarritari.

Jóhanna Þ. Aðalsteins.
Unnur Ó. Bentum.
Torfi Ardal
Sigurður S. Bjarnason.



Ár 1980, mánudag 18. febrúar, – bolludag. var haldinn aðalfundur Félags snyrtivöruverzlana að Marargötu 2.

Formaður félagsins, Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

I. Skýrsla stjórnar. Formaður flutti skýrsluna.

II. Kosningar:

A.) Kjör formanns. Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir var endurkjörin einróma sem formaður.

B.) Endurkjörnar voru sem meðstjórnendur þær: Þorgerður Friðþjófsdóttir og Erna Guðmundsdóttir.

C.) Varamenn í stjórn. Kjörnar voru: Guðrún Ingólfsdóttir og Stefanía Karlsdóttir.

D.) Endurskoðendur:
Endurkjörnir voru þeir Baldvin Sveinbjörnsson og Árni Ómar.

E.) Aðalfundarfulltrúi: Kjörin var Guðrún Ingólfsdóttir.

F.) Fulltrúi í fulltrúaráð K.Í. Reynir Sigurðsson var einróma endurkjörinn aðalmaður og Árni Ómar til vara.

III. Önnur mál.
Nokkrar umræður urðu um innheimtu félags-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

gjalda og þátttöku í félaginu. Samþykkt var að vinna að því að fjölga í félaginu m. a. með því að fá snyrti-vöruverslunina í Klosiba í félagið og einnig Elínu í Hafnarf. Rætt var um það að félagið gengi í Nordisk Parfym-handlarråd, og var það samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjórn K. Í. falið að athuga um þátttökuna.

Nokkrar umræður urðu um samsöfnun og samanburð á smásöluálagningu á Norðurlöndunum.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Jón F. Bjarnason
fundarritari.

Jóhanna Þ. Aðalsteinsd.
formaður

| Klosiber, Rfn. | Elín Hf. | Kolly Laugavegi |



Ár 1981 ~~mánu~~ fimmtudag 12. mars var haldinn aðalfundur Félags snyrtivöruverslana að Marargötu 2.

Formaður félagsins Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Tilnefndi hún Ragnar Sigurðsson sem fundarritara.

Fyrir var tekið:

1. Skýrsla ~~for~~ stjórnar. Formaður flutti hana.
2. Stjórnarkosningar:

(A) Formaður var kjörin Dúla Thorarensen Snyrtiv.verzl. Cecilu, með öllum greiddum atkvæðum.

(B) ~~Ásdís~~ Kjörnir sem meðstjórnendur ~~voru~~ Brynhildur Friðþjófsdóttir og ~~Hanna Guðmundsdóttir~~ Ragnar Sigurðsson sem vara form.

C) Varamenn í stjórn: Kjörnir voru Guðrún Ingólfsdóttir og Stefanía Karlsdóttir

Endurskoðendur voru ekki kjörnir þar sem fjárreiður félagsins eru hjá aðalskj. K.Í.

E) Aðalfundarfulltrúi var kjörin Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir ~~fulltrúi~~

F) Fulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var einróma kjörin ~~Ragnar Sigurðsson og til vara~~ Jóhanna Þ. Aðalsteinsd.

3. Önnur mál: Rætt var bréf Ísl.-Am. sem sent var til einst. í firmr freyja.

Fleira var ekki tekið fyrir

Fundi slitið:

Ragnar Sigurðsson
fundarritari

Jóhanna Þ. Aðalsteins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Ár 1982, þriðjudag 30. 3. var Aðalfundur Félags snyrtivöruverslana haldinn í skrifstofu verslunarinnar Paulus h.f. að Austurstræti 7. Fundarstjóri R. Sigurðsson setti fund.

Fyrir var tekið:

I. Skýrsla formanns.

Formaður frú Sesselja Thorarensen flutti skýrsluna.

Félagsreikningar eru engir þar sem að Kaupmannasamtökin fara með fjármál félagsins.

Umræður urðu nokkrar um skýrsluna og starfsemi félagsins.

II. Stjórnarkjör:

Frú Sesselja Thorarensen var einróma endurkjörin formaður félagsins og meðstjórnendur þær Bryndís Friðþjófsdóttir og Reynir Sigurðsson.

Varamenn í stjórn:

Kjörnar voru Guðrún Engilbertsd. og Stefanía Karlsdóttir.

III. Fulltrúi í fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna.

Kjörinn var Reynir Sigurðsson.

IV. Önnur mál.

Rætt var um verðlagsmál og samþykkt að fá formann K.Í. á fund með fulltrúum félagsins og viðskiptaráðherra.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið.

Reynir Sigurðsson
fundarstjóri

Jón Þ. Björnsson
fundarritari.



Fimmtudaginn 30. okt 1986. Aðalfundur 1986.

Reynir Sigurðsson setti fundinn fyrir hönd fjarverandi formanns. Fundarstjóri var kjörinn Hreinn Sumarliðason. Ritari fundarins Edda Haraldsdóttir. Lýsti Hreinn fundinn löglegan þar sem boðað hefði verið til hans með löglegum fyrirvara, og á löglegan hátt.

Sigurður E. Haraldsson flutti ávarp. Kynnti hann kaupmannasamtökin, tilgang þeirra og önnur helstu hagsmunamál. Næsta efni, sem hæst var á dagskrá. þ.e. fund í V.S.Í. varðandi óeðlilega þróun í innkaupaleiðangrum til útlanda. Sigurður hvatti til samstarfs meðal kaupmanna, samstaðan ræður úrslitum.

Næstur tók til máls Reynir Sigurðsson. Lýsti hann tildrögum að stofnun félagsins, og stefnu þess. Kom hann inn á orsakir þess að snyrtivörur voru settar undir verðlagsákvæði á árunum 1971/72. Varaði Reynir við að röðin kæmi brátt að snyrtivörum í verðkönnunum frá Verðlagsstofnun, og kom hann inn á hve ófullkomnar þessar verðkannanir væru og illa unnar.

Edda Haraldsdóttir ávarpaði fundinn og hvatti til samstarfs og samstöðu

Almennar umræður

Heiða Hermannsdóttir nefndi samstarfs grundvall

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

varðandi tolla mál, verzlun í fríhöfninni og álagningarmál.
Sigurður E Haraldsson. kom inn á verðkönnun
og nafnabirtingar í því sambandi.
Reynir Sigurðsson. nefndi dæmi um vöruframboð
sem stafaði frá fríhöfninni á þinum tíma, og hvernig
reynt var að koma því í umferð á almennan markað.
kaffihlé
Snúið til dagskrár.
Inntökubeiðnir:

| | |
|---|---|
| Hygea | Austurstræti 16 |
| Sápuhúsið | Laugavegi 17 |
| Isadóra | Austurstræti 8 |
| Teppabúðin | Aðalstræti 9 |
| Líbía | Laugavegi 35 |
| Body Shop | (Melkorka s.f.) |
| Bylgjan | Hamraborg |
| Bró | Laugavegi 74 |
| Paris | Laugavegi 61 |

þessar inntökubeiðnir voru samþykktar
með öllum greiddum atkvæðum.
Formanns kjör:

| | | |
|---|---|---|
| Edda Hauksdóttir | formaður til eins árs | |
| Rósa Sigursteinsd | meðstjórnandi til 2ja | |
| Bryndís Friðþjófsdóttir | — | 1 árs |
| Jóna Sigursteinsdóttir | Varastjórn | 1 ár |
| Ingigerður Jóhannsdóttir | — | 1 ár |
| Rósa Sigursteinsdóttir | aðalfulltrúi í fulltrúar | |
| Helga Þórðardóttir (Hygea) | varafulltrúi | —"— |

kosning samþykkt af fundarmönnum.
Önnur mál:
Sigurður E Haraldsson fagnaði stjórnarkjöri
og óskaði félaginu velfarnaðar.



Fundi lokið. Fleira ekki gert.
Edda Hauksdóttir ritari

Þrenningarfundarstjóri,

Miðvikudaginn 12. nóv. 1986. haldinn
fyrsti stjórnarfundur nýkjörinnar stjórnar
félags snyrtivörukaupmanna.
Mættir voru Edda Hauksdóttir,
Ingigerður Jóhannsdóttir, Rósa Sigursteinsdóttir
og ~~—~~ einnig ~~[illegible]~~
erindreki sem ritar fundargerð.
Rætt um besta hentugan funda-
tíma fyrir stjórnarfundi.
Formaður félagsins vakti máls á
því að í sumum sérgreinafélögunum væri
notað einskonar samskiptanet, til að koma
áleiðis skilaboðum milli verslana.
Inntökubeiðni lá fyrir frá verzl. SÓRU
Bankastræti 8. undirritað Hanna Hofsdal. Karlsd.
Var hún ~~samþykkt~~ samþykkt, og skráð félagi
Rætt um álagningarmál, og samanburð
t.d. við Miklagarð. Rætt um Fríhöfnina í Keflavík
og samkeppni frá henni, einnig um samskipti
við heildsalana.
Verkaskipting stjórnar ákveðin þannig
að Bryndís Friðþjófsdóttir í Nönnu verði
varaformaður og ritari var kosin
Ingigerður Jóhannsdóttir. Um leit var
ákveðið að boða varastjórn ávallt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á stjórnarfundi. Tollamál voru rædd og talin þörf lagfæringa og eða samræmingar. Stjórnin var sammála um að skipta ekki á pitsupar- vörum. Rætt um aukna þjálfun starfsstúlkna í snyrtivörubúðum, hugsanlega með því að endurtaka námskeið, sem í eina tíð voru haldin á vegum félagsins og Kaupmannasamtakanna. Helgi Baldursson kennari á Verzlunarskólanum var staddur á skrifstofu KÍ, og var hann beðinn að koma inn á fund stjórnarinnar og spurður álits á framkvæmd hugsanlegs námskeiðs.

Hann sagði þetta ekkert vandamál en þyrfti góðan undirbúning, og skilgreindi sín sjónarmið og hvernig hann vildi stilla upp námskeiðinu. Ákveðið að undirbúa námskeið í janúar n.k.

Ritstjóri verzlunartíðinda Jón Birgir Pétursson mætti nú á fundinn og tók myndir af stjórninni.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Steinunn Gunnarsdóttir
ritari

Edda Hauksdóttir formaður
Rósa Sigursteinsd.
Ingigerður Jóhannsd.

18 nov 1986

Stjórnarfundur. Mættar Ingigerður Jóhannsdóttir, Jóna Sigursteinsdóttir og Edda Hauksdóttir og Brynjólfs-Friðþjófsdóttir. Gestur fundarins Helgi Baldursson. Kynnti hann hugmyndir varðandi væntanlegt námskeið fyrir



starfsmenn snyrtivöruverzlana. Inntökubeiðnir lágu fyrir Snyrtivöruverzlunin Sandra, Hafnarfirði. Snyrtihöllin Garðatorgi 3 Garðabæ og voru þær samþykktar. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Edda Hauksdóttir
Brynd. Friðþjófs.
Ingigerður Jóhannsd.
Jóna Dóra Sigursteinsd.

Miðvikudaginn 28. janúar 1987 haldinn stjórnarfundur í félagi snyrtivörukaupmanna.

Mættar voru Edda Hauksdóttir, ~~Ingigerður~~ Rósa Sigursteinsdóttir og Jóna Sigursteinsdóttir. Formaður félagsins Edda Hauksdóttir setti fundinn og stýrði honum. Fyrir tekið.

1. Rætt um aðalfund Kaupmannasamtaka Íslands 7. maí n.k og val fulltrúa félagsins á fundinum. Kosnar voru ~~Bryndís Friðþjófsdóttir og~~ Hanna Hofdal og Helga Þórðardóttir ásamt ~~formanni~~ stjórn félagsins ~~Eddu Hauksdóttur~~ og Rósu Sigursteinsdóttur sem er áður kjörin fulltrúaráðsfulltrúi.

2. Rætt um fyrirhugað námskeið á vegum félagsins og Helga Baldurssonar.

Formaður félagsins vakti máls á því að KÍ ætti að tryggja starfandi kaupmönnum að fulltrúar opinberra aðila t.d. verðlagsstofnunar og annarra slíkra sýndu fullgild skilríki

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir því hverjir þeir séu og frá hvaða embætti áður en þeir krefðust oft viðkvæmra upplýsinga frá verzluninni. Ennfremur að slíkir aðilar bíði eftir að lokið sé afgreiðslu þeirra sem fyrir eru í búðinni þegar þeir birtast.

Rætt um framkomu ýmissa heildsala gagnvart snyrtivöruverzlunum, og nauðsynlegar úrbætur á ýmsum atriðum þar að lútandi.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritari
Edda Hauksdóttir
Rósa Sigursteinsd.
Inga M. Sigursteinsd.



Miðvikud 29 - 9 '87 Kl. 18.30
Haldinn stjórnarfundur í félagi snyrtivöruverzl.
Mættir voru Edda Hauksd. Rósa Sigursteinsd
Bryndís Friðþjófsd. Inga María, einnig þeir Guðni Þorgeirsson, Hreinn Sumarliðason og Helgi Baldursson.

Formaður stjórnar Edda Hauksdóttir setti fundinn og stýrði honum.
Fyrir var tekið.

I. Fyrirhugað námskeið á vegum félagsins og Kaupmannasamtakanna.
Þeir Helgi, Hreinn og Guðni, greindu frá því að þeir hefðu haldið nokkra samráðsfundi um fyrirkomulag námskeiðsins. Helgi Baldursson lagði fram vélritaða hugmynd að tímalengd og dagskrárefni námskeiðsins.
Miklar umræður fóru fram og tóku allir viðstaddir þátt í þeim. Eftir tillögum félagsstjórnarinnar voru ýmsar breytingar gerðar á þessum frumdrögum hans Helga og honum síðan falið að „klæðskerasauma“ dagskrá námskeiðsins eftir framkomnum ábendingum stjórnarinnar.
Tillaga kom frá Bryndísi um að fá Brynhildi Þorsteinsdóttur snyrtifræðing sem leiðbeinanda eitt kvöld.
Ákveðið að miða þáttöku við innan-félagsfólk til að byrja með.
Ennfremur rætt um að halda

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

til kostnaði í lágmarki

Edda formaður lagði áherzlu á að hraða undirbúningi, svo hægt væri að hefjast handa sem fyrsta.

Tímalengd námskeiðsins ákveðin fjögur kvöld frá kl 20°° til 23°° og hafa það tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum.

Endanleg efnisskrá verður lögð fram á næsta fundi

Fleyra ekki fyrir tekið
fundi slitið kl. 21°°

[illegible] ritar.

27. okt 1987

Boðað til fundar vegna námskeiðs. Mættir voru Edda Stanleysdóttir, Jóna Sigmundsdóttir Ingibjörg Jóhannsd, Helgi Baldursson & Guðni Þorgeirsson. Ráðin var Rúna Guðmundsdóttir til að sjá um hvatningu og liðaval fyrir væntanlega þátttakendur. Guðni lýsti byggingu námskeiðsins. Ákveðið var verð á námskeiðum ca kr 7000.- fyrir utanfélagsmenn og kr 5000.- fyrir félagsmenn. Formaður kom fram með þá hugmynd að væntanlegt námskeið yrði kynnt félagsmönnum á almennum félagsfundi í nóvember 1987.

Efnisskrá var lögð fram og hlutd á bls 59. Stefnt er að því að halda almennan félagsfund 10 nóv 1987. og var Guðna falið



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

að boða til hans. Námskeiðið á að halda í húsakynnum KÍ. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Edda Ófeigsdóttir formaður
Jónína Sigursteinsd.
Ingigerður Jóhannsd.
Helgi Baldursson
Guðni Þorgeirsson

~~Fundur ... 1987~~ Ár 1987 miðvikudaginn 11 nov ~~1987~~ haldinn almennur fundur í Félagi snyrtivörukaupmanna kl 20⁰⁰ í húsakynnum KÍ. Formaður Edda Ófeigsdóttir flutti ávarp og hvatningu til fundarmanna. Formaður kvaddi til starfa á fundinum Guðna Þorgeirsson sem fundarstjóra og Rósu Sigursteinsdóttur sem fundarritara. Helgi Baldursson kom á [fundinn] kynnti fyrirhugað námskeið og var því vel tekið af fundarmönnum og var þáttaka mjög góð. Helgi kynnti nýjungar í sambandi við námskeiðahald.
Guðni Þorgeirsson hvatti fundarmenn til að standa þétt saman í stéttabaráttunni.
Bréf frá Ralf Johanssen var tekið fyrir varðandi verðlækkun á L'Oreal hárvörum.
Almennar umræður spruttu út af þessu, og var samþykkt að skipa nefnd til að taka á þessu máli auk varðandi umflytjendur sem selja vörur sínar í fríhöfninni. Nefndina skipa Heiða Ármannsdóttir Bylgjunni. Bryndís Friðþjófsdóttir Nönnu og



Elísabet Magnúsdóttir Sápuhúsinu. Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Rósa Sigursteins
Edda Ófeigsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 23. nóv 1987 var haldinn fundur í ~~stjórn~~ Samstarfsnefnd félags snyrtivöruverslana og hófst hann kl. 9³⁰ f.h.

Mætt voru Edda Hauksdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Heiða Arnarsdóttir og Bryndís Friðþjófsdóttir, ásamt Þorsteini Kristinssyni frá fyrirtækinu K. Johansen, Stefáni S. Jónssyni frá F.Í.S. og Guðna Þorgeirssyni og Hreini Sumarliðasyni frá K.Í.

Formaður fól Eddu Hauksdóttur setti fundinn og stýrði honum.
Fyrir var tekið.

1. Bréf til félagsmanna frá heildv. Rolf Johansen. um verðlækkun á snyrtivörum og fannst Eddu að lækkunin kæmi með of litlum fyrirvara, og þetta væru kaldar kveðjur.

Þorsteinn skýrði sjónarmið heildsölunnar og taldi fyrirtækið hafa sent hlýjar kveðjur. Síðan var málið rætt fram og aftur og á það bent m.a. að gengi gjaldmiðla hafi verið mikið á hreyfingu. Edda sagði málið hitamál í sínum hópi og benti á harða samkeppni og æskilegt væri að samstarfsnefndinni væri gefinn kostur á að fylgjast með í tíma.

Þorsteinn útskýrði að svona lækkun yrði að koma skyndilega, en ekki með löngum fyrirvara, að öðru leyti vildi hann gjarnan, efla og styrkja



samstarf við fulltrúa félagsins.

Stefán spurði hvort framkvæmd lækkunarinnar hefði getað orðið með öðrum hætti – og umræður urðu um það í hópnum.

Þorsteinn benti á að verðmunur á vörum í verslunum og fríhöfninni væri með minnsta móti vegna verndarstefnu fyrirtækisins í verðlagningu.

Elísabet spurði um – dreifingar – „system" á Lancome vörum og taldi þar vera í öllum búðum við Laugaveg, en Þorsteinn efaðist um að það væri rétt. Umræðan fór nú á við og dreif og tóku flestir til máls.

Guðni vakti athygli á nauðsyn þess að tala saman og var mjög vel tekið í það af öllum. Þorsteinn sagði einmitt ágætt að fá góðar ábendingar, og þeir væru tilbúnir samstarfs.

Niðurstaða fundarins var viljayfirlýsing um aukið samstarf í framtíðinni.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið
Hreinn Sumarliðason ritar.
Edda Hauksdóttir
Heiða Arnarsdóttir.
Elísabet Magnúsdóttir
Bryndís Friðþjófs
Guðni Þorgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Ár 1987 ~~mánudaginn~~ miðvikudaginn 9 desember haldinn fundur í Félagi snyrtivörukaupmanna og hófst hann kl 2³⁰ Stjórnarfundur þar sem allir mættu og ræddu væntanlegan fund kl. 4⁰⁰ með þjónustuðum um tollamál.

Stjórnarmenn: Edda Hauksdóttir
Rósa Sigurðardóttir
Ingigerður Jóhannsd
Bryndís Friðbjörns

Samstarfsmenn.
Elísabet Magnúsdóttir
Heiða Ar[illegible]



Aðalfundur félags snyrtivöruverslana var haldinn fimmtudaginn 14. jan 1988. kl 20³⁰ í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands.

Formaður félagsins Edda Hauksdóttir setti fundinn og bauð alla viðstadda velkomna til fundarins. Hún bar fram þá uppástungu að Hreinn Sumarliðason yrði fundarstjóri og Heiða Ármannsdóttir fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að fundurinn væri löglegur þar sem löglega væri til hans boðað. Síðan var gengið til dagskrár:

1. Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnarinnar. Þar kom fram m.a. að hún ásamt aðalfulltrúa félagsins hefðu sótt aðalfund Kaupmannasamtakanna fulltrúaráðsfundi sérstaka samráðsfundi svo og fleiri fundi á vegum heildarsamtakanna. Að nýlega hafði verið haldið námskeið á vegum félagsins og KÍ, og aðalleiðbeinandi þar hefði verið Helgi Baldursson, frá Verslunarskóla Íslands og fleiri. Þótti námskeið þetta takast vel og var um það rætt hvort endurtaka ætti það síðar, og þá hugsanlega fínpússað og endurbætt. Hún gat um samstarfsnefndina og sitthvað fleira sem á döfinni hefði verið og jafnframt hvað framundan væri og hvatti félagana

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

til samheldni og samstarfs.

2. Inntaka nýrra félaga.
Fundarstjóri spurði hvort nokkur væri á fundinum sem ekki væri félagsbundin. Eitt jáyrði kom og var henni afhent inntökubeiðni. Við nánari athugun var hér um að ræða fulltrúa frá Regnhlífabúðinni Guðríði Sigurðardóttur, sem sagðist hafa verið í mörg ár í KÍ, og var klappað fyrir því.

3. Stjórnarkosning.
Formaður til eins árs var kosin Edda Hauksdóttir c/o Stella, Bankastræti. Meðstjórnandi til 2ja ára var kosin Ingigerður Jóhannsdóttir c/o Brá og fyrir situr í stjórninni frá síðasta aðalfundi Rósa Sigursteinsdóttir c/o Töfrafiskar og á eftir eitt ár af kjörtíma sínum.
Í varastjórn voru kosnar Heiða Ármannsdóttir c/o Bygginn og Bryndís Friðþjófsdóttir c/o Nana.
Aðalfulltrúi í fulltrúaráð KÍ var kosin Jóna Sigursteinsdóttir c/o Libía og til vara Margrét Þórisdóttir c/o Cossa.

4. Önnur mál.
Nýendurkjörinn formaður félagsins Edda Hauksdóttir, þakkaði auðsýnt traust og hét á fundarkonur að standa saman í kaupmannabaráttunni.



miklar umræður urðu og bar margt á góma, og var sumum heitt í hamsi, sérstaklega út af tollabreytingunum um og fyrirsjáanlegri lokkun birgða. Formaður talaði um að fara til ráðherra og fara fram á skattaívilnanir. Einnig var rætt um samskipti heildsala og kaupmanna og hvað mætti betur fara í þeim efnum.

5. Helgi Baldursson viðskiptafræðingur, hélt framsöguerindi, um áhrif tollabreytinganna og sýndi skyggnur máli sínu til stuðnings. Erindi hans var stutt en hnitmiðað og að því loknu svaraði hann fyrirspurnum.
Formlegum fundi lauk um klukkan 22³⁰ en eftir það var setið og spjallað enn um stund.
Fundargerð þessi er innfærð 15/1. af undirrituðum og studd við lausblaða skrif kjörins fundarritara og minnispunkta fundarstjóra, samkvæmt heimild fundarins.

Magnús Sumarliðason fundarstjóri.
Edda Hauksdóttir formaður
Heiða Ármannsd.

Ár 1988 25. janúar

Fyrsti stjórnarfundur haldinn eftir aðalfund. Mættar Edda Hauksdóttir, Heiða Ammundsdóttir, Bryndís Friðþjófsdóttir, Ingigerður Jóhannsdóttir. Rósa Sigursteinsdóttir boðaði fjarvist.
Stjórnin skipti með sér verkum. Varaformaður var kjörinn Rósa Sigursteinsdóttir og ritari Heiða Ammundsdóttir.
Lagt var fram bréf frá kaupm.st. dagsett 22 jan 1988 varðandi illt umtal í garð Kaupmannastéttarinnar og var það hvatning frá Magnúsi Finnssyni að sporna við því.
Tillaga fram varðandi fundatilhögun á komandi starfsári.

| Efni | 1988: | Jan | Feb | Mar | Ap | Mai | Jun | Sept | Okt | Nov | des |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| stjórnarfundir: | | 25/2 | 25/2 | 24/3 | 25/4 | 23/5 | 6/6 | 26/9 | 24/10 | 21/11 | 5/12 |
| almennir fundir: | | | | 17/3 (kynning f. nýja félaga) | | | | | | | |
| — 11 — | | | | | | | | | 6/10 | | |

Samskiptanefnd: } Heiða Ammundsdóttir, Bryndís Friðþjófsd.
Fríhafnanefnd: } Elísabet Magnúsdóttir

Afmælisnefnd: Jóna Sigursteinsdóttir, Margrét c/ Kossu og Steinþóra c/ Söndru h/f.

Varðandi nýja félaga og öflun þeirra tók stjórnin að sér það verkefni.
Ákveðinn var næsti stjórnarfundur 25 feb 1988.
Fleira ekki gert fundi slitið.

Ingigerður Jóhannsd. Edda Hauksdóttir
Bryndís Friðþjófs Heiða Ammund...d.



Ár 1988 29. febrúar

Stjórnarfundur haldinn í húsnæði KÍ, kl 18^45. Mættir eru Edda Hauksdóttir Ingigerður Jóhannsdóttir, Rósa Sigursteinsdóttir og Heiða Ammundsdóttir. Fundinum stjórnaði formaður, og lagt var fram bréf frá heildversluninni Klassík. Ákveðið var að samstarfsnefndir ætti fund með Sigrúnu Sævarsdóttur hjá Klassík til viðræðna um bréfið. Edda kom inn á afslátt hjá snyrtivörukaupmönnum og hvað væri til ráða. Fleira var ekki til umræðu, fundi slitið.

Heiða Ammund...d. Edda Hauksdóttir
Rósa Sigursteinsd.
Ingigerður Jóhannsd.

29. Sept 1988

Stjórnarfundur haldinn í húsnæði KÍ. Kl. 18^45 Mættar eru Edda Hauksdóttir Ingigerður Jóhannsdóttir, Bryndís Friðþjófsd.
Fundi stjórnað af formanni.
Fundarefni: Frétta bréf KÍ nr. 7. dags. Sept 1988 varðandi rauntekkun á veltu í Snyrtivöruverslunum árið 1988. Stjórnarmenn veltu fyrir sér (hugsanlegri) skýringu sem rekja mætti til þessarar lækkunar. Einnig var tekin til umræðu hin óeðlilega dreifing hinna ýmsu vörumerkja á markaðinum, og viðhorfi heildsala til sölumála.
Fleira ekki tekið til umræðu.
Fundi slitið.

Bryndís Friðþjófs
Ingig. Jóhannsd. Edda Hauksdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Hinn 12 janúar 1989 var haldinn stjórnarfundur í félagi snyrtivöruverslana

Formaður félagsins Edda Hauksdóttir setti fundinn og stýrði honum

Fyrir var tekið.

1. Að ákveða um aðalfund félagsins. Samþykkt var að boða til hans þriðjudaginn 24. janúar nk. kl 18³⁰ í húsnæði KÍ, og skrifstofunni falið að annast boðunina.

2. Rætt um tilnefningar til stjórnarkosningar og hagsmunamál félagsmanna í lengd og í bráð.
Samþykkt að bjóða upp á öl og snittur - veitingar, á fundinum.

Fleira ekki fyrir tekið. fundi slitið.
Hreinn Sumarliðason ritar.

Guðni Þorgeirsson



Aðalfundur 1989.

Ár 1989 þriðjudaginn 24 janúar kl. 18³⁰ haldinn aðalfundur í Félagi snyrtivöruverslana í kaffistofunni K.Í í Húsi verslunar.
Formaður félagsins Edda Hauksdóttir setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson ritara.
Fundarstjóri úrskurðaði fundinn löglegan með tilvísun í lög félagsins. Í upphafi fundar voru 10 aðilar mættir.
Gengið var til boðaðrar dagskrár.

1. Formaður stjórnar flutti skýrslu um störf félagsins á liðnu ári.
Að henni lokinni var orðið gefið laust en litlar umræður urðu.

2. Inntaka nýrra félaga: Ein inntökubeiðni, kom á fundinum frá Bergþóru Þorsteinsdóttur c/o versl. EVITA. Eiðistorgi.

3. Stjórnarkosning:
Formaður til eins árs var endurkjörin Edda Hauksdóttir c/o versl. Stella. Bankastræti.
Meðstjórnandi til 2ja ára var kosin Heiða Ármannsdóttir c/o Bylgja - Kópav.
Meðstjórnandi til eins árs var kosin Rósa Sigarsteinsdóttir c/o Teppaskan og kom hún í stað Ingigerðar Jóhannsdóttur sem baðst lausnar úr aðalstjórn.
Í varastjórn voru kosnar þær Sóley Stefánsdóttir c/o Ísadóra, Austurstr.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Bryndís Friðþjófsdóttir s/o Nana.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kosin Ingigerður Jóhannsdóttir s/o Búá og til vara Margrét Þórisdóttir s/o Cossa.

Þá voru valdir tveir fulltrúar til viðbótar stjórn félagsins til mætingar á aðalfund K.Í. hinn 8/4. n.k. þær:
Margrét Þórisdóttir og
Bryndís Friðþjófsdóttir.

4. Önnur mál

Formaður gerði að umtalsefni verðkannanir sem birtar eru, sérstaklega þær hjá D.V. og eru illa unnar og illa að þeim staðið. Ákveðið að óska eftir fundi með fulltrúa D.V.

Heiða Ármannsdóttir vakti máls á heimasölu — þ.e. kynningum og sölu í heimahúsum, svo og sölu heildsala beint til neytenda.

Hreinn spurði hvernig félögunum litist á framkomnar hugmyndir um að leggja niður sérgreinafélögin í núverandi mynd og stofna í þeirra stað eitt kaupmannafélag fyrir allar greinar verslunar í Rvk og nágr.

Málið rætt fram og aftur en hugmyndin fékk engar undirtektir og fundurinn taldi, þetta ekki til hagsbóta fyrir snyrtivörukaupmenn.

Formaður hóf umræðu um miðbæinn og síendurteknar neikvæðar fréttir



þaðan. Slíkar fréttir væru skaðlegar og vinna beint að því að snúa þessu við. Hreinn kom einnig fram með þá tillögu að gjaldskyldu í stöðumæla lyki kl. 16⁰⁰ daglega. Rætt um að koma þessari hugmynd á framfæri.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri
Gísli Þorgeirsson ritari.

Ár 1989, 18. apríl 1°

Fyrsti stjórnarfundur haldinn eftir aðalfund. Mættar voru Heiða Ármannsdóttir, Bryndís Friðþjófsdóttir, Sóley Stefánsdóttir og Edda Jakobsdóttir.

Heiða bar fram þá hugmynd um að gera ungri konum á dreifingu nokkrum herraðmyntuvara

Einnig kom fram að æskilegt væri að ná betra samstarfi við lyfjaverslanir varðandi álagningarmál og að minnka snyrtivörusölu.

Þá væri æskilegt að hefja viðræður við innflytjendur varðandi sölu beint til neytenda.

Líka væri gott að standa sameiginlega að auglýsingum í tengslum við konudag, bóndadag o.fl.

Edda kom fram með þá hugmynd að fá fund með formanni og framkvstj. K.Í. til að ræða málefni félagsins í nútíð og framtíð.

Edda Jakobsdóttir
Heiða Ármannsd.
Bryndís Friðþjófs
Sóley Stefánsd.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Fél. Snyrtivöru-
-verslana haldinn 3.5. 1989 kl. 10⁰⁰

Mættir voru Edda Hauksdóttir
Heiða Ármannsdóttir Magnús E. Finnsson
Guðjón Oddsson og Hrönn Gunnarsdóttir
sem ritar fundargerð.

Edda setti fundinn og tók fyrir

1. Mikið los á félagsmönnum, og margir
félagsmanna efast um gagnsemi félags-
-aðildarinnar. Margar verslanir eru
utan félagsins. Hvað getum við
gert til úrbóta. Ég vil efla félagið
og auka upplýsingar og þjónustu við
félagsmenn, og síðan „selja" aðild að
KÍ.
Málin rædd — Guðjón taldi að þeir
sem væru félagsmenn teldu sig hafa
hag af vera sinni í KÍ.
Magnús spurði hvort ekki væri gott
að skrá niður helstu atriði og skoða
þau í sameiningu. Hvað brennur helst
á ykkur.
Heiða þ.e krafa til okkar að við
höfum heilu línurnar til — en svo sjáum
við einstaka atriði úr þessum línum
tróna t.d. í apótekum.
Hvað svo með heimasöluna erum
við alveg varnarlaus gagnvart heild-
-sölunum.
Edda hugmyndir okkar eru líka

í þá veru að gera sérsamninga 
við útvarp og blöð um auglýsingar
félagsmanna. Þetta gæti styrkt samtökin.
Guðjón: Best væri ef samtökin væru
svo fjárhagslega öflug að þau gætu lánað
félagsmönnum fjármagn. Þá vildu allir
vera hér.
Rætt um breytingar á iðgjalda málum KÍ.
Eining um að gera könnun á útbreiðslu
og notkun t.d. á herrasnyrtivörum.
m.a. rakspíra.
Hvað um að koma upp sameiginlegri
sýningu — innflytjenda og félagsins á
snyrtivörum ásamt kynningu á nýjum
vörum.
Síðan var rætt svolítið um hugmyndir að
sameiningu sérgreinafélaga.
Formaður félagsins ásamt stjórninni
ætlar að forma ákveðnar tillögur og
óska síðan aðstoðar Skrifstofu KÍ með
úrlausn og framkvæmdir.

Fleira ekki fyrirtekið
fundi slitið
Hrönn Gunnarsdóttir ritari
Edda Hauksdóttir
Heiða Ármannsdóttir
Guðjón Oddsson

Ár 1989, 11 júlí
Stjórnarfundur haldinn á Jökli á Sköng.
Mættar voru Bryndís Friðþjófsdóttir, Rósa Sigursteinsdóttir og Edda Hauksdóttir.
Tilefni fundar var ástandið í faginu.
Almenn deyfð jafnt í verslun, sem almennt í þjóðfélaginu.
Einnig var komið inn á hina óvenjulegu dreifingaraukningu sem átt hefur sér stað s.l. 6 mánuði, og þá hættulegu þróun sem er að eiga sér stað að fataverslanir séu farnar að teygja sig inn á sérsvið snyrtivöruverslana í formi ilmvatnasölu.
Hugmynd kom um það að halda almennan félagsfund um málefni snyrtivöruverslananna, og síðan að boða til almenns félagsfundar með þátttöku fulltrúa snyrtivöruinnflytjanda frá F.Í.S. Fleira ekki gert, fundi slitið.

Edda Hauksdóttir
Bryndís Friðþjófs
Rósa Sigursteins.



Stjórnarfundur í fél. snyrtivöruverslana var haldinn miðvikudaginn 7. mars 1990 í H.V. kl. 19⁰⁰.
Mættar voru Heiða Hermannsdóttir, Bryndís Friðþjófsdóttir, Rósa Sigursteinsdóttir, Sóley Stefánsdóttir og Edda Hauksdóttir.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Fyrir var tekið.

1. undirbúningur aðalfundar félagsins
Tillaga um að halda fundinn 14. mars n.k. var samþykkt og fundarboð þess efnis var póstlagt í dag.
Málefni félagsins rædd og uppstillingar vegna væntanlegra stjórnarkosninga reifaðar.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Innfært hér samkvæmt ósk, og munnlegum upplýsingum formanns félagsins.

Hreinn Sumarliðason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

# Aðalfundur 1990

Ár 1990 miðvikudaginn 14. mars kl. 20$^{30}$ haldinn aðalfundur í Félagi snyrtivöruverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar. Formaður félagsins Edda Hauksdóttir setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara.

Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan. Þar sem hann hafði verið löglega boðaður.

Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið:

1. Skýrsla stjórnar
Formaður flutti skýrsluna og gat helstu mála sem fjallað hefði verið um.
Hún benti á að vegna erfiðs ástands í þjóðfélaginu þá mætti segja, að félagar hafi verið þátttakendur í óvissu ástandi, sem leitt hefur til doða og framkvæmdaleysis.
Hún gat síðan nokkra mála sem hafa verið og eru til úrvinnslu hjá Kaupmannasamtökunum, þar á meðal kaup á hlutabréfum í Endurvinnslunni og fl.

2. Stjórnarkosning.
Formaður til eins árs var endurkjörin
Edda Hauksdóttir % Versl. Stella Bankastræti.
Meðstjórnandi til 2 ára var kosin
Bryndís Friðþjófsdóttir % Versl. Nana
Heiða Ármannsdóttir situr áfram í 1 ár.
Í varastjórn voru kosnar.
Tobba Sigursteinsdóttir % Topptískan og Sóley Stefánsd. % Isadóra



Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kjörin Heiða Ármannsdóttir % Bylgjan í Kópavogi og til vara Bryndís Friðþjófsdóttir % Nana.

3. Önnur mál.
Endurkjörinn formaður þakkaði það traust sem henni hafði verið sýnt.
Hún vildi láta það koma fram að fréttabréf með ýmsum upplýsingum kæmu alltof sjaldan og taldi fulltrúaráð K.Í. óvirkt.
Hún hvatti til þess að formaður K.Í. mætti á aðalfundi félagsins og héldi svo fund með formanni og fulltrúa félagsins minnst einu sinni á ári.
Hún spurði um réttarstöðu kaupmannsins gagnvart verðlagseftirliti verkalýðsfélaganna og ræddi síðan um stjórnun og upplýsingastreymi milli félaga.
Hún hvatti til þess að félagið hefði samband við Félag snyrtifræðinga og ræddi síðan um námskeið til söluhvatningar fyrir eigendur og stjórnendur þessarar sérstöku verslunar-greinar.
Hún spurði um hvort félagar hefðu ekki aðgang að hinni nýju heilsustöð. "Heilsustöðinni Mætti" sem V.R. og fl. hefðu sett á stað.

Fulltrúar K.Í. svöruðu og veittu ýmsar upplýsingar, umleið og félagar nutu veitinga í boði K.Í.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Hreinn Sumarliðason fundarstjóri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Fimmtudaginn 21. febr. 1991 kl. 19.00
var haldinn stjórnarfundur í félagi
snyrtivöruverzlana, að hótel Loftleiðum Rdl.

Mættar voru: Sóley Stefánsdóttir
Heiða Ármannsdóttir, Bryndís Friðþjófsdóttir
og Edda Hauksdóttir.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.
Fyrir var tekið:

1. Undirbúningur aðalfundar. Ákveðið að boða til hans mánudaginn 4. marz n.k. kl. 20.00 í húsnæði K.Í.

2. Rætt um framkomnar hugmyndir varðandi sameiningu sérgreinafélaga, svo og tilmæli frá vefnaðarvörukaupmanna um að skoða sérstaklega sameiningu þeirra félags við fél. ísl. skókaupmanna, félag sportvörukaupmanna og félag snyrtivöruverzl.
Á viðræðufundi formanna þessara félaga sem fram fór 11. febr. s.l. var samþykkt að bjóða fél. gjafavöruverzlana að taka einnig þátt í hugsanlegri sameiningu.
Stjórn félags snyrtivöruverzlana ákvað á fundi sínum í dag, að leggja til við aðalfund félagsins, að hann samþykki tímabundna sameiningu til eins árs, til reynslu, með þeim skilyrðum þó að félagið fái tvo fulltrúa áfram í fulltrúaráði og einn mann í stjórn hins sameinaða félags. Fleira gerðist ekki. Innfært samkvæmt beiðni formanns í símtali 25/2.
Hreinn Sumarliðason



Mánudaginn 4.3.1991 kl. 20.00
var haldinn Aðalfundur
félags snyrtivöruverzlana, í húsnæði K.Í.
Formaður félagsins setti fundinn og stýrði honum. Hreinn Sumarliðason skráði fundargerð

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

4

Tillaga um aðalfulltrúa í fulltrúaráð K.Í.

RÓSA SIGURSTEINSDÓTTIR

c/o TOPPTÍSKAN AÐALSTRÆTI

Edda Hauksdóttir
EDDA HAUKSDÓTTIR

...ags.
...þykkt án mótatkvæða

Formaður var kosin: Edda Hauksson.
Meðstjórnandi til 2ja ára, Heiða Ármannsdóttir en ásamt þeim situr í aðalstjórn Bryndís Friðþjófsdóttir kosin í fyrra og þá til 2ja ára.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjaví

Fimmtudaginn 21. febr. 1991 kl. 19⁰⁰
var haldinn stjórnarfundur í félagi
snyrtivöruverzlana, að hótel Loftleiðum kl.

Mættar voru: Sóley Stefánsdóttir
Heiða Ármannsdóttir, Bryndís Friðþjófsdóttir
og Edda Hauksdóttir.

Formaður setti fundinn og stýrði honum.
Fyrir var tekið:

1. Undirbúningur aðalfundar. Ákveðið að
boða til hans mánudaginn 4. marz n.k.
kl. 20⁰⁰ í húsnæði K.Í.

2. Rætt um framkomnar hugmyndir varðandi
sameiningu sérgreinafélaga, svo og
tilmæli fél. vefnaðarvörukaupmanna um
að skoða sérstaklega sameiningu þeirra
félags við fél. ísl. skókaupmanna, félag
sportvörukaupmanna og félag snyrtivöruverzl.
Á viðræðufundi formanna þessara
félaga sem fram fór 11. febr. s.l. var
samþykkt að bjóða fél. gjafavöruverzlana að
taka einnig þátt í hugsanlegri sameiningu.
Stjórn félags snyrtivöruverzlana ákvað á
fundi sínum í dag, að leggja til við
aðalfund félagsins, að hann samþykki
tímabundna sameiningu til eins árs, til
reynslu, með þeim skilyrðum þó að
félagið fái tvo fulltrúa áfram í fulltrúaráði
og einn mann í stjórn hins sameinaða
félags. Fleira gerðist ekki. Innfært samkvæmt
bréfi formanns í símtali 25/2. Hreinn Sumarliðason

Mánudaginn 4.3.1991 kl. 20⁰⁰ 

var haldinn Aðalfundur
félags snyrtivöruverzlana, í húsnæði K.Í.

Formaður félagsins setti fundinn og stýrði
honum. Hreinn Sumarliðason skráði fundargerð

Fyrir var tekið:

1. Skýrsla stjórnar, sem Edda Hauksdóttir
flutti: Ræddi hún um þátttöku félagsmanna
í fundum félagsins – um mætingar sínar
á fulltrúaráðsfundum og sameiningar-
fundum – um veðurfar og áhrif þess á
verzlun – um aðalfund K.Í. sem nú er
opinn öllum. Síðan urðu almennar
umræður.

2. Tillaga K.Í. varðandi sameiningu sérgreina-
-félaga. Stjórn félagsins leggur til að
tillagan verði samþykkt, og gengið verði
til tímabundinnar sameiningar eins og
lýst er hér á síðunni fyrir framan og
með þeim skilyrðum þó að hópurinn
haldi óbreyttum fulltrúafjölda í fulltrúaráðinu
og fái einnig einn mann í stjórn
hins sameinaða félags.
Tillagan samþykkt án mótatkvæða

3. Stjórnarkosning
Formaður var kosin: Edda Hauksdóttir.
meðstjórnandi til 2ja ára, Heiða Ármannsdóttir
en á samt þeim situr í aðalstjórn
Bryndís Friðþjófsdóttir kosin í fyrra og þá til
2ja ára.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

1.

Tillaga um formann í eitt ár.

Edda Hauksdóttir

c/o STELLA, BANKASTRÆTI

[illegible signature]

---

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

2.

Tillaga um 1 meðstjórnanda í 2 ár.

RÓSA SIGURSTEINSDÓTTIR

c/o TORGTÍSKAN, AÐALSTRÆTI

Fyrir í stjórninni er, Bryndís Friðþjófsdóttir c/o NANA, Völvufelli.

Edda Hauksdóttir
EDDA HAUKSDÓTTIR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

1.

Tillaga um formann í eitt ár.

Edda Hauksdóttir
c/o. STELLA, BANKASTRÆTI

[illegible]



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

2.

Tillaga um 1 meðstjórnanda í 2 ár.

RÓSA SIGURSTEINSDÓTTIR

c/o TOPPTÍSKAN AÐALSTRÆTI

Fyrir í stjórninni er, Bryndís Friðþjófsdóttir c/o NANA, Völvufelli.

Edda Hauksdóttir
EDDA HAUKSDÓTTIR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

3.

Tillaga um tvo í varastjórn til eins árs.

JÓNA SIGURSTEINSDÓTTIR
% LÍBÍA LAUGAVEGI og.

INGIGERÐUR M JÓHANNSDÓTTIR
% BRÁ LAUGAVEGI

Edda Hauksdóttir

EDDA HAUKSDÓTTIR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

4

Tillaga um aðalfulltrúa í fulltrúaráð KÍ.

RÓSA SIGURSTEINSDÓTTIR

c/o TOPPTÍSKAN ~~AÐALSTRÆTI~~

Edda Hauksdóttir

EDDA HAUKSDÓTTIR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

5.

Tillaga um varafulltrúa í fulltrúaráð KÍ

HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR
c/o HYGEA h/f AUSTURSTRÆTI

Edda Hauksdóttir
EDDA HAUKSDÓTTIR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur
fél. snyrtistofu o.
boðaður með
bréfi. Fundarst.
K.Í. Húsi verzl.
Mánud. 5. mars '84
Kl. 20 30

Jóhanna Þ. Aðalsteinsd.
var ekki kjörin
~~að~~ fulltrúi á aðalfund
(fundur 30/7 '82.)

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

HÚSI VERSLUNARINNAR
108 REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMI: 687811

5.

Tillaga um varafulltrúa í fulltrúaráð KÍ

HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR
c/o HYGEA h/f AUSTURSTRÆTI

Edda Hauksdóttir
EDDA HAUKSDÓTTIR



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Kom þar fram þá hugmynd um að gert yrði [illegible] á breytingu [illegible] öllum smásöluverða og hvað [illegible] að heildsölur væru lyfið seldar í [illegible]~~

Einnig kom fram að æskilegt væri að ná betra samstarfi við lyfjaverslanir varðandi álagningarmál almenna og smásöluverð

Einnig væri æskilegt að hefja viðræður við innflytjendur varðandi sölu beint til neytenda

Standa að sameiginlegum auglýs. í tilefni konudags og konudagsins

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í varastjórn voru kosnar þær:
Rósa Sigursteinsdóttir og
Sóley Stefánsdóttir.
Aðalfulltrúi: Heiða Ármannsdóttir og
til vara: Bryndís Friðþjófsdóttir —
4. Önnur mál: Edda vakti máls á því
hvort ekki væri tímabært að félagið
gengist fyrir því að fá forystufólk úr
samskonar dönskum félögum í heimsókn
til fróðleiks og kynningar eða efna til
ferðar til Danmerkur í sama skyni.
Hvað um heimsókn til Parísar?
Fram kom að gefa ætti „öðrum“ greinum
kost á að ferðast með þegar farið væri
í heimsóknir til útlanda. T.d. þegar að
matvörukaupmenn voru að skipuleggja
hópferðir, þá ættu kaupmenn úr öðrum
greinum kost á að slást í hópinn.
Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið
[signature] ritari.
[signature]
Brynhildur Friðþjófsdóttir



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavík

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur